

## Náttúruminjasafn

Árið 2006 komst hreyfing á mál Náttúruminjasafns Íslands eftir að nefnd á vegum menntamálaráðherra sem starfað hafði frá árinu 2002 lauk störfum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra lagði fram frumvarp um safnið á vörþingi 2006 en málið komst ekki lengra en í menntamálanefnd fyrir þinglok. Haustið 2006 var frumvarpið aftur lagt fram lítið breytt og fór l. umræða fram á Alþingi 13. nóvember 2006 og fór síðan til menntamálanefndar. Nefndin óskaði eftir umsögn félagsins um frumvarpið í báðum tilfellum. Vegna þess hve frumvarpið breyttist lítið milli þess sem það var lagt fram vísaði umsögn stjórnar HÍN í nóvember 2006 til umsagnarinnar frá maí 2006. Umsagnirnar eru að finna á heimasíðu félagsins. Í lok desember skrifaði Hilmar J. Malmquist, ritari HÍN grein í Morgunblaðið um Náttúruminjasafn.

## Annað

### Náttúrufræðingurinn í grunn- og framhaldsskóla landsins

Í tilefni opunnar endurbættrar heimasíðu félagsins seint á árinu 2005 sendi stjórn félagsins í byrjun 2006 tilboð til allra grunn- og framhaldsskóla. Tilboðið fól í sér að fá eldri árganga Náttúrufræðingsins að gjöf en skólamið þurftu að kosta sendinguna. Tilboðið þáðu 99 skólar alls staðar af landinu. Um það leyti sem verið var að taka til þakka tilnefndi ríkisstjómin Surtsey á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna og því ákvað stjómin að bæta við gjöfina bók Sturlu Friðrikssonar um Surtsey sem félagið gaf út ásamt Surtseyjarfélaginu árið 1994.

### Lager Hins íslenska náttúrufræðifélags

Félagið hefur haft aðstöðu í geymslum Náttúrufræðistofnunar Íslands að geyma bókakost félagsins og eldri árganga Náttúrufræðingsins. Í byrjun ársins flutti lagerinn milli geymsla og er nú í Súðavogi. Við það tækifæri var farið í gegnum lagerinn og hann endurtalinn. Stjórnarmenn unnu verkið. Geymslupláss félagsins hjá NÍ er ómetanlegt framlag.

### Stefnumót við Hjörleif sjötugan

Laugardaginn 25. mars 2006 var haldið málþing til heiðurs Hjörleifi Guttormssyni sem varð sjötugur fyrr um veturinn. HÍN var eitt 11 útivistar- og náttúruvemdarsamtaka sem stóðu að málþinginu en þau vildu með því sýna Hjörleifi þakklæti fyrir störf hans við að kynna náttúru Íslands. Málþingið sem var vel sótt var haldið í sal Ferðafélag Íslands.



## Skýrsla stjórnar Hins íslenska náttúrufræðifélags fyrir árið 2006

Aðalfundur félagsins haldinn 24. febrúar 2007  
í fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Kórnium

### Félagsmenn

Félagar í Hinu íslenska náttúrufræðifélagi voru 1.192 í árslok 2006 en voru 1.202 í byrjun ársins. Á árinu gengu 25 manns í félagið en á móti sögðu 18 sig úr félaginu, 17 létust og einn var strikaður út af öðrum ástæðum. Af þeim sem gengu í félagið voru 7 stúdentar eða tæplega 30%.

### Stjórn félagsins

Á aðalfundi félagsins 25. febrúar 2006 var Kristín Svavarsdóttir endurkjörin formaður félagsins. Auk hennar voru stjórnarmennirnir Droplaug Ólafsdóttir, Helgi Guðmundsson og Kristinn J. Albertsson endurkjörir. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund skiptu stjórnarmenn með sér verkum:

Helgi Torfason, varaformaður

Kristinn J. Albertsson, gjaldkeri

Hilmar J. Malmquist, ritari

Esther Ruth Guðmundsdóttir, meðstjórnandi og umsjón með fræðslufundum

Helgi Guðmundsson, meðstjórnandi og umsjón með ferðum

Droplaug Ólafsdóttir, meðstjórnandi en hún situr í ritstjórn Náttúrufræðingsins.

Stjórnin hélt átta fundi á árinu. Netfang stjórnarinnar er [stjorn@hin.is](mailto:stjorn@hin.is) en með því er hægt að ná til allra stjórnarmanna samtímis.

## Starfsmenn félagsins

Erling Ólafsson var útbreiðslustjóri félagsins og hafði umsjón með félagatalinu. Erling lét af stöfum fyrir félagið um síðustu áramót, 31. desember 2006. Þá hafði Erling séð um félagatalið og dreifingu Félagsbréfsins og Náttúrufræðingsins frá því árið 1984 eða í 23 ár.

Álfheiður Ingadóttir ritstýrði tveimur tvöföldum heftum Náttúrufræðingsins á árinu. Seinna heftið kom út í nóvember og var það síðasta hefti Álfheiðar sem ritstjóra (sjá síðar). Álfheiður ritstýrði tímaritinu í 10 ár.

## Náttúrufræðingurinn

Einn árgangur Náttúrufræðingsins, 74. árgangur, kom út árið 2006, tvö tvöföld hefti.

Ásdís Auðunsdóttir veðurfræðingur sagði sig úr ritstjórn fyrir nokkru en enginn hafði verið skipaður í hennar stað. Haustið 2006 var Guðmundur Ingi Guðmundsson umhverfisstjórnunarfræðingur skipaður í ritstjórn og er hún þá fullskipuð á ný með sjö manns.

## Samningar vegna útgáfu Náttúrufræðingsins

Á fyrri hluta ársins 2006 var umræðum við Náttúrufræðistofnun Íslands um áframhaldandi umsjón með útgáfu Náttúrufræðingsins haldið áfram. Samningar tókust ekki þar sem of mikið var á milli aðila í sambandi við kostnað. Einnig taldi stjórnin að NÍ gerði ekki nógu góða grein fyrir því með hvaða hætti ætti að vinna upp seinkanir í útgáfunni en stjórnin hefur lagt áherslu á að það gerist. Niðurstaða stjórnarinnar var því að segja samningnum við NÍ upp með bréfi dagsettu 8. ágúst 2006. Sem starfsmaður Náttúrufræðistofnunar hætti Álfheiður því sem ritstjóri tímaritsins en samkomulag var gert um að hún myndi ljúka 3.-4. hefti 74. árgangs sem kom út í nóvember.

Í framhaldi þessa var gert samkomulag við Náttúrufræðistofnu Kópavogs um að taka að sér umsjón með útgáfu Náttúrufræðingsins. Samningurinn byggir á fyrri verksamningi við Náttúrufræðistofnun Íslands og gildir til loka ársins 2008 með endurskoðunarákvæði innan árs frá undirritun. Samningurinn var undirritaður 15. september 2006. Samhliða samningnum var viljayfirlýsing milli sömu aðila undirrituð um að samningurinn feli í sér átaksverkefni og að það sé sameiginlegur vilji beggja aðila að Náttúrufræðingurinn komi þéttar út á þessu tímabili. Hrefna B. Ingólfssdóttir líffræðingur var ráðin til Náttúrufræðistofnu Kópavogs til að ritstýra Náttúrufræðingnum.

## Félagsbréfið og heimasíðan

Félagsbréfið kom út aðeins einu sinni á árinu. Það var sent öllum félagsmönnum heim til að tryggja að boð um aðalfund væri löglegt.

Heimasíðan hefur verið nýtt m.a. fyrir tilkynningar um fræðslufundi. Félagar og aðrir hafa nýtt sér síðuna til að senda fyrirspurnir til stjórnar og nýir félagar hafa komið inn í gegnum síðuna.

## Nefndarstörf.

*Dýraverndarráð.* Umhverfissráðherra skipaði dýraverndarráð árið 2004 og fyrir HÍN situr Arnór Þ. Sigfússon fuglafræðingur en hann er jafnframt formaður ráðsins.

*Ráðgjafanefnd við undirbúning um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.* Ingólfur A. Jóhannesson sat í nefndinni fyrir hönd frjálsra félagasamtak en nefndin lauk störfum á árinu. Ulla R. Pedersen var til vara.

## Fræðsluerindi

Fræðsluerindi á vegum félagsins voru haldin síðasta mánudaga hvers mánaðar kl. 17:15 í stofu 132 í Öskju (Náttúrufræðihús Háskóla Íslands) á tímabilinu september til maí að desember undanskildum. Sjö erindi voru flutt á árinu og samtals mættu 370 manns eða 53 að meðaltali á hvem fund. Esther Ruth Guðmundsdóttir sá um skipulag og framkvæmd fundanna.

Árið 2006 voru erindin:

- Dr. Magnús Jóhannsson líffræðingur hélt í janúar erindið „Uppblástur og landgræðsla á Grænlandi“.
- Dr. Ólafur K. Nielsen fuglafræðingur hélt í febrúar erindið „Af fálkum“.
- Dr. Guðmundur A. Guðmundsson fuglafræðingur hélt í mars erindið „Vorboðar eða vágastir“.
- Dr. Hrefna Sigurjónsdóttir líffræðingur hélt í apríl erindið „Rannsóknir á félagsgerð hesta í íslenskum stóðum“.
- Dr. Skúli Skúlason líffræðingur hélt í september erindið „Ný sýn á líffræðilegan fjölbreytileika“.
- Trausti Jónsson veðurfræðingur hélt í október erindið „Veðurfarsbreytingar – hækkun hita eða eitthvað meira?“.
- Sigríður Kristinsdóttir hélt í nóvember erindið „Þjóðgarðar í sjó“.

## Fræðsluferðir

Engar fræðsluferðir voru farnar á vegum félagsins árið 2006.